

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skuli skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa nr. 780 20. desember 1982.

*Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1983.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1983. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Marinós Bjarna Kristjánssonar.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Marinós Bjarna Kristjánssonar. Hann er stofnaður í minningu Marinós Bjarna Kristjánssonar frá Efri-Tungu í Örlygshöfn, sem fæddist 29. júní 1930, og lést 16. desember 1980.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlög frá vinum og aðstandendum Marinós Bjarna Kristjánssonar. Nemur stofnféð samtals kr. 25 000,00 — tuttugu og fimm þúsund krónum.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til þeirra aðila innan Rauðasandshrepps — einstaklinga eða fjölskyldna — sem verða fyrir áföllum eða slysum of fá tjón sitt alls ekki bætt, eða einvörðungu að litlu leyti, annarsstaðar að, svo sem hjá váttryggingafyrirtækjum eða tryggingastofnunum.

#### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru: a) Vextir af fé hans. b) Gjafir sem honum kunna að berast.

#### 5. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma eru vextir af höfuðstól. Ekki má skerða stofnfjárhæð sjóðsins.

## 6. gr.

Sjóðinn ber að ávaxta í Sparisjóði Rauðasandshrepps með hagstæðustu vaxtakjörum sem kostur er á hverjum tíma.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Rauðasandshrepps, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Rauðasandshrepps og einn ættingi Marinós Bjarna Kristjánssonar búsettur í Rauðasandshreppi. Samkvæmt þessu skipa fyrstu stjórn sjóðsins Þórður Jónsson, Hvallátrum, Valdimar Össurarson, Miðgarði, og Dagbjört Torfadóttir, Efri-Tungu.

## 8. gr.

Heimilt er hreppsþúum í Rauðasandshreppi að sækja um styrk úr sjóðnum, verði þeir fyrir áföllum eða slysum. Hafi umsókn ekki borist, er sjóðsstjórn heimilt að veita hreppsþúum, sem hún telur hafa orðið fyrir skakkaföllum sem íþyngi þeim verulega í lífsbaráttunni, styrki af ráðstöfunarfé sjóðsins.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir með reikningum Sparisjóðs Rauðasandshrepps.

## 10. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal miðast við 29. júní eða 16. desember ár hvert.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og að fenginni staðfestingu skal hún birt í Stjórnartíðindum.

## ARÐSKRÁ

fyrir **Veiðifélag Búðardalsár, Skarðshreppi, Dalasýslu.**

Tindar .....	28%
Búðardalur .....	22%
Hvarfsdalur .....	7%
Barmur .....	3%
Hvalgrafir .....	40%
	<hr/>
	100%

Samkvæmt aðalfundarsamþykkt gildi arðskrá í þrjú ár, frá 1. janúar 1983 að telja.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 25. apríl 1983.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*